

Baðstofa:

Aðgangseyrir	— 150
Aðgangseyrir, 50 miðar	— 450
Aðgangseyrir, 70 miðar	— 600
Fjölskyldu- og einkatímar	— 500

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

13. apríl 1977.

Nr. 188.

AUGLÝSING**um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.**

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar og er hún þannig:

Fullorðnir	kr. 100
Börn	— 40
Gufubað	— 200
Sundfatnaður	— 80

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

20. apríl 1977.

Nr. 189.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja
nr. 338 20. nóvember 1973.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að afhenda lyf samkvæmt lyfseðli, sem gefin eru út af lækni sem hefur lækningaleyfi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Þetta ákvæði nær þó ekki til eftirritunarskyldra lyfja (sbr. 1. töluliður 6. gr.).

2. gr.

Gildistöku I. liðs 2. töluliðs 6. gr. reglugerðarinnar sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 109/1977, um hámarksávísanir á Diazepamum, er frestað til 1. júní 1977.

3. gr.

Ákvæði í viðauka 1 um að láta megí út nokkur lyf án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga, orðist svo:

1. Piperazinum í blöndu með Tetramisolum eða Thiabendazolum.
2. Tetramisolum.
3. Thiabendazolum.
4. Sermi gegn lambablóðsött.
5. Eftirtalin vaccina:
 - a) Garnaveikibóluefni, sem fer eftir reglugerð um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 207 30. september 1966, sbr. og auglýsingu nr. 186 16. nóvember 1967 um viðauka við sömu reglugerð.
 - b) Bráðapestarbóluefni.
 - c) Bóluefni gegn lambablóðsött.
 - d) Bóluefni gegn lungnapest.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. júní 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum vörum til lækninga.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 33. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og fella niður tolla af ýmsum vörum til lækninga sem falla undir tollskrárnúmer 30.05.00.

2. gr.

Niðurfelling tolla samkvæmt 1. gr. tekur til neðangreindra vara:

- a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað dauðhreinsað seymi til notkunar í sama skyni.
- b. Dauðhreinsað laminaria og laminariastifti (parastifti).
- c. Dauðhreinsuð efni til að stöðva blæðingar, enda geti líkaminn tekið þau til sín.
- d. Efni til skyggingar við röntgenrannsóknir og rannsóknarefni við læknisskoðanir til notkunar útvortis eða innvortis (þó ekki vörur þær er teljast til nr. 30.02), jafnt óblönduð efni í skömmtum sem blönduð efni.
- e. Prófefni til blóðflokunar.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1977.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.